

FOXIT READER 5.1

Leiðbeiningar

**© Skólaskrifstofa Suðurlands
2012**

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um Foxit Reader	3
Nýjungar í Foxit Reader 5.1	3
Að byrja	4
Að setja upp Foxit Reader	4
Að fjarlægja Foxit Reader úr tölvunni	6
Að skoða pdf skjöl.....	6
Að opna læst PDF skjöl	7
Að opna pdf skjöl í Foxit Reader.....	7
Að fara fram og til baka í skjalinu	7
Mismunandi sýn á blaðsíðu („Page display“) valmyndin	8
Tækjastikan (Toolbar).....	8
Skoðunartæki (View tools)	9
Sniðtákn (Format Tools)	10
Athugasemdir (Commenting Tools)	10
Teikniáhöld	11
Grunntækjastikan (Basic Toolbar)	11
Uppáhaldstæki (Favorite Tools)	12
Breytingar og innskot (Edit).....	12
Lestrarhamur (Read Mode)	13
Talgervill (Read Out Loud)	13
Ókeypis PDF prentarar	14

Inngangur

Þessu lesefni er ætlað að koma fólki af stað við að nota Foxit Reader. Það er engan veginn tæmandi um möguleika forritsins. Ef þú vilt fræðast nánar eða kafa dýpra í forritið er bent á að hægt er að sækja ítarlega handbók á ensku inni í „Help“ valmyndinni í Foxit Reader. Svo er bara um að gera að æfa sig og vera djarfur að prófa sig áfram.

Um Foxit Reader

- Mjög lítið og létt forrit með lágmarks minnisnotkun.
- Mjög fljótt að ræsa sig upp.
- Gerir glósuvinnu í pdf skjölum auðveld. Hægt er að teikna myndir, setja áherslulit á texta, skrifa inn athugasemdir og gera minnismiða.
- Hægt er að breyta pdf skjölum í heild sinni í einfalda textaskrá.
- Foxit Reader styðir multimedia hönnun. Notendur getur bætt myndskleiðum og hljóðskráum við pdf skjöl.
- Foxit Reader er öruggt í notkun og tengist ekki internetinu án leyfis notandans. Hægt er að læsa aðgangi að skjölum með lykilorði eða rafrænni undskrift.
- Foxit Reader 5.1 fæst ókeypis á netinu á slóðinni:
<http://www.foxitsoftware.com/downloads/>.
 - Athugið að þar er einnig að finna útgáfur af Foxit Reader sem þarf að greiða fyrir, s.s. Foxit Phantom og Foxit Reader Pro. Þær útgáfur hafa fleiri teiknimöguleik, möguleika á læsingum o.fl. Það er hægt að nota flesta þessa möguleika í ókeypis útgáfunni.
- Hægt er að hlaða niður sýndarprentaranum Foxit PDF Creator af sömu síðu, en hann má nota til að breyta hvaða prenthæfum skjölum sem er á pdf form. [Þá er valin prentskipun, sýndarprentarinn valinn og ýtt á print. Sýndarprentarinn framkallar þá pdf skjal sem opnast á skjánum]. Athugið að þegar þegar skjalið er prentað með þessari gerð sýndarprentara kemur rauð merking efst á blaðsíðuna um að verið sé að nota prufuútgáfu. Ef notaður er CutePrinter, sem einnig má sækja frítt af netinu kemur þessi merking ekki fram.

Nýjungar í Foxit Reader 5.1

Foxit Reader 5.1 er með nýja þætti sem bæta lesgæði PDF skjala. Flesta þessa möguleika er að finna í „View“ flípanum í valmyndinni. Þá hafa ýmsir gallar úr fyrri útgáfum verið lagaðir.

1. Til að bæta lesgæði hefur lestrarsvæðið verið endurbætt þannig að hægt er að skoða PDF skjöl á stærra skjásvæði en áður. Foxit Reader styður nú lesur PDF skjala í lestrarham (Reading Mode) sem felur verkfærastikuna og allar aðrar stikur nema valmyndastikuna.
2. Hægt er að velja „Tabbed Toolbar Mode“ í flípanum „tools“ og „customize toolbars“. Sé það gert er hægt að fella út eða stækka tækjastikuna til að fá lestrarsvæðið sem stærst.
3. Ef valinn er möguleikinn „Auto-hide status bar“ í View valmyndinni felur Foxit Reader stöðvalmyndina á meðan lesið er og sýnir hana fljótandi neðst á blaðsíðunni eingöngu ef bendillinn er færður neðst á blaðsíðuna.

4. Býður upp á samhæfingu við samskiptasíðurnar Facebook og Twitter.
5. Styður talgervil á ensku.
6. Aukin afköst þegar PDF skjöl eru opnuð eða lokuð.
7. Velur sjálfkrafa í prentun pappírsgerð eftir stærð blaðsíðu sem skilgreind er í PDF skjölum.

Að byrja

Að setja upp Foxit Reader

Foxit Reader keyrir vandræðalaust á eftirtöldum stýrikerfum:

- Windows 2000
- Windows XP
- Windows Server 2003
- Windows Vista
- Windows 7

Ef þú hleður inn „FoxitReader50_setup.exe“ skránni á tölvuna þína skaltu:


- Tvísmella á „FoxitReader51_setup.exe“ skrána og þá kemur upp „Install Wizard“ sem leiðir þig í gegnum uppsetninguna. Veldu Next hnappinn til að halda áfram.
- Nýjar viðbætur eru tilteknar á valmyndinni. Þetta forrit er með höfundarrétti (copyright) og þú þarf að samþykka leyfissamning (Licence Agreement) til að geta haldið áfram. Hakaðu í „I accept the agreement“ ef þú vilt halda áfram.
- Foxit Reader er sett upp á hefðbundinni slóð: C:\Program Files\Foxit Software\Foxit Reader nema þú veljir aðra slóð. Ef þú vilt það veldu þá Browse og veldu rétta slóð inn á þann stað sem þú vilt geyma forritið á.



- Þér er gefinn kostur á að hlaða inn viðbótar hlutum. Veldu þá kosti sem þú vilt hlaða inn í næstu valmynd.



- Veldu síðan viðbótarverkefni sem þú vilt framkvæma á meðan þú setur Foxit Reader 5.1 upp á tölvuna þína.



Veljið þú þennan kost opnar tölvun þín öll PDF skjöl sjálfkrafa í Foxit Reader.

- Ef þú vilt setja „Safe Reading Mode“ upp á tölvuna þína gættir þú þess að hakað sé við þann valkost. Hann getur hins vegar hindrað ýmsa valmöguleika sé hann valinn. Þó ber að geta þess að alltaf er hægt að afvelja þann möguleika inni í Tools – Preferences valmyndinni í forritinu sjálfu síðar meir.



- Ljúktu uppsetningunni með því að velja „Install“ í næstu valmynd. Þá opnast eftirfarandi gluggi.



- Veldu síðan „Finish“ í næstu valmynd til að ljúka uppsetningunni.

Að fjarlægja Foxit Reader úr tölvunni

Ef þú hefur sett upp Foxit Reader.EXE getur þú fjarlægt forritið með einhverri af eftirtöldum aðgerðum:

- Veldu Start (neðst í vinstra horninu – oft með Windows merkinu) > Programs > Foxit Reader > Uninstall.
- Veldu Start > Settings > Control Panel > Add or Remove Programs > veldu Foxit Reader til að fjarlægja.
- Tvísmelltu á skrána „uninstall.exe“ í Foxit Reader uppsetningarmöppunni. Slóðin ætti að enda á \...\Foxit Software\Foxit Reader\.

Að skoða pdf skjöl

Ef þú hefur valið að nota Foxit Reader sem staðlaðan skoðara fyrir PDF skjöl getur þú opnað hvaða PDF skjal sem er á venjulegan hátt, með því að velja það í möppunum þínum eða af vefnum, og þau opnast þá sjálfkrafa í Foxit Reader. Táknið fyrir PDF skjöl lítur þá svona út:




Að opna læst PDF skjöl

Ef þú ætlar að opna læst PDF skjal þarftu yfirleitt lykilorð til að opna skjalið. Sum varin skjöl geta haft aðrar takmarkanir sem hindra þig í prenta, breyta, afrita, o.fl.

Ef þú reynir að afrita eða breyta vörðu (protected) PDF skjali muntu sjá að tengdar aðgerðir eða verkfæri virkekki og birtast í ljósgráum lit.

Að opna pdf skjöl í Foxit Reader




Þegar smellt er á skjámynd forritsins birtist þessi valmynd:

Vinstra megin neðst er listi yfir skjöl sem þú hefur unnið í nýlega. Smelltu á skjal til að opna það.

Ef þú vilt opna annað skjal velur þú gulu möppuna efst til vinstri eða File valmyndina (úr stikunni) og velur skjal á sama hátt og þegar þú opnar skjal t.d. í Word; File – Open, o.s.frv.

Að fara fram og til baka í skjalinu

Þessi slá birtist neðst þegar skjöl í Foxit Reader eru opnuð:




Þá má nota stikuna lengst til hægri til að ferðast upp og niður í skjalinu og loks má nota höndina í valmyndinni (hluti af Basic tækjastikunni) efst í skjalinu til að toga síðurnar upp, niður og til beggja hliða.




Þetta má einnig gera með því að velja „View“ valmyndina efst á síðunni:

Go to > gefur kost á nánari valmynd:

- fyrstu blaðsíðu (first page)
- næstu blaðsíðu á undan (previous page)
- næstu blaðsíðu (next page)
- síðustu blaðsíðu (last page)
- að slá inn ákveðinn blaðsíðu (pages...).



Mismunandi sýn á blaðsíðu („Page display“) valmyndin



Hér má stilla hvernig við viljum að blaðsíðurnar í skjalinu birtist.

Ein í einu

Rúlli upp hver á eftir annarri

Hlið við hlið

Rúlli upp hlið við hlið hver opna á fætur annarri

Fram og baksíða sér þótt hinar birtist sem opnur.

Tækjastikan (Toolbar)


Foxit Reader gefur notandanum margvíslega möguleika á að vinna í skjalinu. Tækjastikan er staðsett efst á síðunni og er samsett úr margvíslegum smærri tækjastikum. Notandinn getur ráðið hvernig hans tækjastika lítur út, en hér er dæmi um tækjastiku:



Draga má hverja tækjastiku niður á blaðsíðun með því að toga í röndina til hliðar við stikuna með bendlinum og draga hana handvirkt niður á blaðsíðuna. Þá situr hún á sama stað á skjánum sama hvar notandinn er í skjalinu.

Tegundir af tækjastikum má velja í „View“ valmyndinni undir „Toolbars“.


Þær stikur sem eru virkar á síðunni eru sýndar með haki.



Tækjastikan er nokkuð stór ef allar valmyndir eru virkar og því mikilvægt að takmarka hana með því að haka einungis við það sem viðkomandi notandi þarf að nota.


Skoðunartæki (View tools)

Ágætir stækkunarmöguleikar eru í Foxit Reader forritinu. Þá möguleika er að finna í þessum tveimur tækjastikum: „Zoom Toolbar“ og „Navigation“.



Sniðtákn (Format Tools)


Á tækjastikunni „Format Tools“ er hægt að breyta sniði textans, leturstærð, lit, o.fl.



Athugasemdir (Commenting Tools)

Til að skrifa inn á blaðsíðuna, t.d. til að fylla inn í eyður eða skrifa athugasemdir, er blýanturinn á blokkinni valinn. Þá birtist blár kassi á skjalinu, þar sem bendillinn er staðsettur, sem stækkar þegar sleginn er inn texti. Hægt er að breyta lit textans með því að dekkja textann og velja nýja leturgerð (font) og stærð í Format Tools valmyndinni. Athugið að kassinn hverfur og einungis textinn verður eftir þegar aðgerð er lokið. Athugið einnig aðra valmöguleika í „Format Tools“ valmyndinni (sjá hér að ofan).


Ef síðasti möguleikinn til hægri í boxinu: er valinn er hægt að skrifa inn texta eins og með blýantinum á blokkinni, en kassinn er rauður og hverfur ekki þegar aðgerð er lokið.



Athugasemdataekjastikan gefur einnig ýmsa möguleika til athugasemda og merkinga á texta, s.s. undirstrikun, uppljómun (highlighting), yfIRSTRIKUN og gula miða.

Teikniáhöld


Margvísleg teikniáhöld er að finna í Foxit Reader. Hægt er að setja inn mismunandi teikniáhöld, flest skýra sig nokkuð sjálf. Öll teiknitáknin koma sjálfvalið með 2p þykkri rauðri línu. Því má breyta með því að hægri smella á táknið/teikninguna og velja „Open Properties“. Þegar búið er að velja nýtt útlit í teikniáhöldum má festa nýja valið með því að hægri smella aftur á teikninguna og velja næst neðsta valkostinn: Set Current Properties as Default.



Til að eyða teikningu þar að velja velja örina úr „Basic Toolbar“ valmyndinni: og ýta á „Delete“ takkann eða velja „Delete“ úr valmyndinni sem birtist ef hægrismellt er á teikninguna.

Grunntækjastikan (Basic Toolbar)

Grunntækjastikan er afar gagnleg til að vinna með skjalið, skoða það og gera á því ýmsar breytingar.




Uppáhaldstæki (Favorite Tools)

Í valkostinum „Favorite Tools“ getur þú sett inn í eina stiku þau tæki sem þú notar mest.



Veldu „Tools“ > „Customize Toolbars ...“ > „Favorite Tools“.



Notaðu „Add“ og „Remove“ takkana í miðjunni til að bæta við hlutum úr vinstri valmyndinni yfir í Uppáhaldsstikuna hægra megin, eða fjarlægja hluti úr henni.

Breytingar og innskot (Edit)

Í þessari stiku má bæta inn valkostum og fjarlægja valkosti eftir smekk og þörfum hvers og eins.

Smelltu á ákveðinn stað á blaðsíðunni til að hengja blaðsíðu eða skjal við staðinn.


Ef þú vilt hætta við síðustu breytingu eða hætta við að hætta við.

Afmarkaðu ramma með bendlinum og sæktu mynd sem fyllir svo út í rammann.


Afmarkaðu ramma með bendlinum og sæktu myndband sem fyllir svo út í rammann.

Afmarkaðu ramma með bendlinum, ýmis ferhyrndan (tákníð lengra til vinstri) eða þríhyrndan (tákníð til hægri) og veldu síðan skjal eða netslóð til tengingar.

Ef villumelding kemur upp gætir þurft að breyta öryggi skjala til að heimila tengingar. Til þess er valið:



Margir fleiri möguleikar eru í valmyndum Foxit Reader og eru notendur hvattir til að prófa sig áfram. Einnig má lesa sér meira til í handbókinni sem fylgir forritinu.



Lestrarhamur (Read Mode)

Í lestrarhamnum eru PDF skjöl sýnd þannig að flestar valmyndir og tækjastikur eru faldar. Þetta er gert til að lestrarsvæðið verði sem stærst og minnst truflun sé til staðar fyrir lesandann.

Til að lesa skjal í lestrarham er hægt að velja einhvern eftirtaldra valkosta:

- Smelltu á „Read Mode“ hnappinn efst í hægra horninu.
- Notaður flýtilyklinn “Ctrl + H” á lyklaborðinu.
- Hægri smelltu á tækjastikuna > Choose Read Mode.

Í lestrarham flýtur grunntækjastikan (basic toolbar) neðst á blaðsíðunni. Í henni er að finna nokkur grunntæki, s.s. vista, prenta, aðdráttarmöguleika, o.fl. Til að virkja þessa fljótandi stiku þarf að færa bendilinn neðst á skjáinn.

Ef þú opnar fleiri en eitt PDF skjal, smelltu þá á “Ctrl + Tab” á lyklaborðinu til að renna í gegnum þau í lestrarhamnum.

Talgervill (Read Out Loud)


Talgervillinn er tæki sem umbreytir texta í mál eða (TTS) tæki. Það les textann í PDF skjali upphátt, þ.m.t. textann í athugasmedum og aðrar textalýsingar fyrir myndir og eyður. Með þessu tæki getur þú fengið upplýsingar án þess að lesa blaðsíðurnar. Það gerir þér einnig kleift að skoða aðrar blaðsíður á meðan þú hlustar á innihaldið. Innbyggði talgervillinn er eingöngu á ensku.

Veldu einn af eftirfarandi valkostum til að nota talgervilinn:

- Ef þú ert í „Normal Mode“ hægri smelltu þá á tækjastikuna > veldu „Read“, eða farðu í flipann
- „View“ > Read out Loud.
- Ef þú ert í „Tabbed Toolbar Mode“, veldu þá flipann View > Read this page.

Ókeypis PDF prentarar

Pdf prentarar gera notandanum kleift að skrifa pdf útgáfur af skjölum út úr nánast hvaða forriti sem er. Þegar pdf prentara hefur verið hlaðið niður í viðkomandi tölvu birtist hann sem valkostur þegar valin er prentskipun í forritinu. Þegar pdf prentarinn er valinn verður til pdf skjal úr skjalinu sem verið var að vinna í, án þess að það hafi nein áhrif á upprunalega skjalið.



Nokkrar gerðir eru til af ókeypis pdf prentunum á netinu. Hér koma slóðir að þremur þeirra:

www.cutepdf.com

www.bullzip.com

<http://download.cnet.com>, en þar má ná í PrimoPdf prentarann.

Margar fleiri tegundir má finna með því að fara inn á leitarsíðu og nota leitarorðin „free pdf writer“. Athugið þó að sumir sýndarprentaranna, t.d. Foxit PDF Printer, prenta auglýsingu á spássíu pdf skjalsins.